



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á setningu
Leiklistarhátíðar Bandalags íslenskra leikfélaga
á Akureyri
21. júní 2000**

Ágæta leiklistarfólk
Góðir Akureyringar og gestir víða að

Það er mér sönn ánægja að fagna með ykkur Leiklistarhátíð Bandalags íslenskra leikfélaga og njóta þeirra sýninga sem hér verða á upphafsdegi.

Leiklistin er drottning listgreinanna, hún sameinar myndlist og mátt orðsins, söng og hreyfingu í hrífandi sjónarspil; þegar vel tekst til erum við leidd inn á ókunnar lendar, fyllumst gleði eða harmi, látum okkur ekki standa á sama. Leiklistin er í eðli sínu alþjóðleg, hún tengir okkur saman þótt menning og siðir virðist af ólíkum toga.

Við Íslendingar höfum löngum notið öflugs leiklistarlífs í byggðum landsins og þátttaka í leiksýningum verið gildur þáttur í uppeldi okkar margra sem hér erum saman komin. Mér eru í fersku minni sýningar á Pilti og stúlku og Manni og konu sem ég sá í æsku minni og einnig sýning okkar menntaskólapilta á Útilegumönnum Matthíasar Jochumssonar, leikritinu sem flestir þekkja sem Skugga Svein, en á hundrað ára afmæli verksins settum við það upp í upphaflegum búningi höfundarins með skólastráka í öllum hlutverkum.

Við höfum mörg hver haft af því mikla gleði og vonandi nokkurn þroska að vinna saman að því að gæða lífi persónur úr góðu verki. Aðdáun okkar og þakklæti er þó dýpst til þeirra sem árum saman fórna miklu til að taka þátt í leiklistarstarfi áhugafólks í sveitabyggðum og sjávarþorpum og efla þannig það menningarstarf sem á ríkastan þátt í því að skapa samstöðu og samheldni á heimaslóð. Ég sá í vetur í uppsveitum

Borgarfjarðar sýningu á Íslandsklukku Halldórs Laxness og tók um helmingur bænda og búaliðs úr dalnum þátt í sýningunni. Í meðferð þessa góða fólks urðu Snæfríður og Jón Hreggviðsson, Arnas Arneus, biskup, böðull, bændurnir og hinir aumustu allra á Þingvöllum einhvern vegin sannari lýsing á sál Íslands og hljómi en þegar glæsisýning á sama verki birtist okkur í kletthöllinni við Hverfisgötu.

Á hverju ári setja áhugaleikfélög á svið fjölmörg verk, íslensk og erlend, klassísk og ný, og verkefnavalið lýsir metnaði og mannkostum þeirra sem á sviðið ganga. Það fjölgar um stund íbúum í byggðarlögunum þegar gestir úr hugarheimum höfundanna bætast í hópinn.

Hér á Akureyri fögnum við einnig góðum gestum sem hingað eru komnir um langan veg með list sína. Þátttaka þeirra er sannur vitnisburður um hve alþjóðleg samvinna leikhópanna er orðin þó tungumálin hafi áfram hvert sinn hljóm og jarðvegur menningar og siða sé mismunandi.

It is a great pleasure to greet our friends from abroad and be able to enjoy your performances here in Akureyri, a town which for more than a century has been the home of a thriving theatrical culture and has given us many unforgettable moments by performing works so different in nature, scope and tradition that the theatre has almost become the universal home of all of mankind.

Now through the arrival of artists from your countries this old northern tradition has been transformed into a living theatre, an experience so fundamentally human in all its aspects.

I hope your stay in Akureyri and in Iceland will bring you both pleasure and profound enjoyment and we are deeply grateful for your visit.

Ég óska Bandalagi íslenskra leikfélaga til hamingju með þessa glæsilegu hátíð og vona að hún verði bæði þátttakendum og áhorfendum til sannrar gleði. Megi starf ykkar áfram auðga íslenska menningu og mannlíf byggðanna. Megi ykkar góða framtak verða öðrum leiðsögn um það hverju atorka, samvinna og listrænn metnaður geta til leiðar komið.

Með þeim óskum segi ég Leiklistarhátíð Bandalags íslenskra leikfélaga setta og færi ykkur árnaðaróskir íslenskrar þjóðar.